

Menningar- og ferðamálaráð

Ár 2018, mánudaginn 28. maí var haldinn 304. fundur menningar- og ferðamálaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Revkiavíkur og hófst hann kl. 13.36. Viðstödd voru: Þórgnýr Thoroddsen, Kristján Freyr Halldórsson, Margrét M. Norðdahl, Stefán Benediktsson, Örn Þórðarson og Marta Guðjónsdóttir. Ahefnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina: Rakel Dögg Óskarsdóttir. Ahefnarfulltrúi BÍL: Erling Jóhannesson. Ahefnarfulltrúi SAF: Þórir Garðarsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Arna Schram, Huld Ingimarsdóttir, Sif Gunnarsdóttir og Inga María Leifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á þriggja mánaða uppgjöri menningar- og ferðamálasviðs. RMF18050002
2. Fram fer kynning á viljayfirlýsingu um stofnun safns í nafni Nínu Tryggvadóttur. RMF18050004

Menningar- og ferðamálaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar í menningar- og ferðamálaráði lýsa yfir ánægju og þakklæti með höfðinglega gjöf erfingja Nínu Tryggvadóttur á verkum hennar til borgarinnar. Þorginni er sýndur mikill sómi með þessari gjöf. Það er við hæfi að annað listasafn á Íslandi sem kennt er við konu, verði í hennar nafni í Reykjavík.

Sigurður Björn Blöndal, formaður borgarráðs, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Fram fer kynning á rafvæðingu gestakorts Reykjavíkur. RMF14110001
Unnar Geir Unnarsson, verkefnastjóri rafvæðingar gestakorts Reykjavíkur á Höfuðborgarstofu, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
4. Fram fer kynning á viðhorfskönnun meðal erlendra ferðamanna í Reykjavík 2017. RMF18050006

Ágúst Elvar Bjarnason, verkefnastjóri ferðamála á Höfuðborgarstofu, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 15.20

Þórgnýr Thoroddsen

Kristján Freyr Halldórsson
Stefán Benediktsson
Örn Þórðarson

Margrét M. Norðdahl
Marta Guðjónsdóttir